# GJALDSKRÁ

**fyrir móttöku- og flokkunarstöð Húnaþings vestra.**

1. gr.

Innheimt verður fyrir móttöku úrgangs sem hér segir:

A. Rekstraraðilar greiða fyrir móttöku alls úrgangs að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.
B. Almenningur greiðir einungis fyrir úrgang sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur. Það á t.d. við um:
   i. Úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða.
   ii. Úrgang frá bifreiðaviðgerðum o.fl.

Móttökugjöld fyrir einstaka farma:

*Flokkur 1.* Flokkað. Til endurvinnslu eða frekari meðhöndlunar.
A. Timbur
B. Járn/málmar

Allt að,

| 0,25 (1/4) m³ | 0,50 (1/2) m³ | 0,75 (3/4) m³ | 1 m³ |
|---|---|---|---|
| 415 kr. | 825 kr. | 1.240 kr. | 1.650 kr. |

*Flokkur 2.* Óflokkað. Blandaður og grófur úrgangur.
A. Blandaður pressanlegur úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil.
B. Grófur úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega.

Allt að,

| 0,25 (1/4) m³ | 0,50 (1/2) m³ | 0,75 (3/4) m³ | 1 m³ |
|---|---|---|---|
| 690 kr. | 1.375 kr. | 2.065 kr. | 2.750 kr. |

2. gr.

Úrgangur án gjalds flokkaður án aðskotahluta.
A. Pappír, dagblöð, tímarit, auglýsingabæklingar, skrifstofupappír.

Eftirtaldar úrgangstegundir bera úrvinnslu- eða skilagjald og því þarf ekki að greiða gjald fyrir móttöku þeirra:
A. Umbúðir úr sléttum pappa; fernur, morgunkornspakkar, umbúðir ýmiskonar án plasts.
B. Filmuplast litað og/eða áprentað, án aðskotahluta.
C. Bylgjupappi, án aðskotahluta.
D. Hjólbarðar.
E. Spilliefni.

Spilliefni.

Móttaka spilliefna fer fram á móttöku- og flokkunarstöð. Frá heimilum er tekið við spilliefnum t.d. hreinsiefnum, málningu, þynni, leysiefnum, rafhlöðum, stíflueyði, úðabrúsum og viðhaldshlutum véla og bifreiða t.d. frostlegi, olíuefnum og rafgeymum. Frá fyrirtækjum er tekið við spilliefnum t.d. olíum, sýrum, prentlitum, klórmenguðu efni, tjöruleysi o.fl. Ekki verður innheimt gjald vegna móttöku spilliefna.

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 11. desember 2008, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum.

4. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

*Hvammstanga, 11. febrúar 2009.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. febrúar 2009